

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

APRÍL 2010

4. tbl. 17. árg.



S. 581 15 15
3 staðir 1 símanúmer
Gnoðarvogi 44 - Ánanaustum og Eddufelli 6

**Slökkvitækja-
þjónustan**
Slökkvitæki ehf
Helluhrauni 10, Hfj
Sími 565-4080
Hleðsla - Sala - Þjónusta



Katrín Júlíusdóttir, iðnaðarráðherra með trefilinn góða með hóp af fólki úr félagsstarfinu í Gerðubergi.

Mynd ÁHG.

Katrín og Ragna fengu trefla

Katrín Júlíusdóttir, iðnaðarráðherra tók við handprjónuðum trefli sem gjöf frá félagsstarfinu í Gerðubergi á dögunum. Ragna Árnadóttir, dómsmálaráðherra tók við sínum trefli í byrjun þessarar viku. Þá hafa allar konur í ríkisstjórninni fengið trefil afhentan nema Jóhanna Sigurðardóttir, forsætisráðherra sem á eftir að gera sér ferð í Breiðholtið eftir sínum trefli.

Tildrög þessa má rekja aftur til september 2008 þegar Ágústa Hjálmtýsdóttir kom fram með þá

hugmynd að stofna til prjónakaffis í félagsstarfinu í Gerðubergi. Úr þeirri hugmynd varð til sjálfsprottinn hópur sem hittist hvern föstudagsmorgun. Mánuði eftir að prjónakaffishópurinn varð til urðu miklar breytingar í samfélaginu og Jóhanna Sigurðardóttir varð forsætisráðherra fyrst kvenna hér á landi. Þá kviknaði sú hugmynd að afhenda konum í ríkisstjórn handprjónaða trefla. Á Menningar og listahátíð eldri borgara í Breiðholti í febrúar 2009 kom Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir þáver-

andi félagsmálaráðherra í heimsókn í félagsstarfið í Gerðubergi og veitti viðtöku fyrsta treflinum. Félagsstarfið setur eitt skilyrði og það er að þær komi í hverfið og séu krýndar formlega. Þótt konurnar hafi fengið trefla þýðir það ekki að ekki sé hugsað til karla í ríkisstjórninni. Þegar er komin fram hugmynd að prjóna á þá skó en fleiri hugmyndir eru vel þagnar. Þess má geta að nokkrar konur utan ríkisstjórnar hafa eignast trefla þar á meðal borgarstjórinn í Reykjavík.

sjó, nú, þrettán ... milljónir
HAPPA PRENNAN
Gammillíft að skilfa

Lyfjaval

APÓTEK
ÁLFTAMÝRI • MJÓDD

BÍLAAPÓTEK
HÆÐASMÁRA 4
opið 10-23 alla daga

OPNUNARTILBOÐ

NÚ!
BORGAR SIG
EKKI!
AÐ ELDA HEIMA

STÓR PIZZA
MEÐ TVEIMUR
ÁLEGGSTEGUNDUM
Á ADEINS

**1000
KRÓNUR!!**

**PIZZA
HORNID**

S: 5712345
WWW.PIZZAHORNID.IS
MJÓDD

OPNAR
1.MARS

Apótekið í Hólagarði er opið:
mán-föst: 10-18, laugardaga: 10-14

Apótekið
læggra verð

Grafarvogi • Hólagarði • Hagkaup Skeifunni • Hagkaup Akureyri

**Útsala á korngrísakjöti
frá Laxárdal**

Grillkjöt frá Fjallalambi 20% afsláttur

Þín verslun

SELJABRAUT 54 • SÍMI 557 1780 - 577 1788

- á traustum grunni

*Eina kjötbordid
í Breiðholti*

**gæði
úrval
þjónusta**

Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.
Vesturgötu 15 • 101 Reykjavík
Sími: 511 1188 • 561 1594
Fax: 561 1594

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson, Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thord49@simnet.is

Auglýsingasími: 511 1188 • 561 1594 • 895 8298

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Morgunblaðið

4. tbl. 17. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift fritt í öll hús í Breiðholti

Viðburðaríkur mánuður

S á mánuður sem nú er nær á enda hefur verið viðburðaríkur en flest tímabil í Íslandssögunni. Iðrin opnuðust og hafa sent frá sér slóða ösku sem nær suður um Evrópu með tilheyrandi truflunum á samgöngum og fjárhagstjóni í mörgum löndum. Landið er í brennidepli um víða veröld og ýmis ummæli falla. Til þessa hafa áhrif eldgossins í Eyjafjallajökli þó verið takmörkuð við fremur þrönga spildu í nánd við eldsstöðvarnar sem þakka ber stöðugum vindáttum þann tíma sem umbrotin hafa staðið yfir. Þótt dregið hafi úr gosi er ekkert sem segir til um hvort það kunni að aukast aftur eða leita sér útrásar á öðrum stað með ófyrirséðum afleiðingum. Gosið í Eyjafjallajökli hefur minnt á nálægðina við náttúruöflin og hversu lítilmegnug manneskjan er í þeim leik.

Önnur tíðindi þessa mánaðar er útkoma skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um aðdragandann að bankahruninu eða sannleiksskýrslan eins og hún er kölluð. Skýrslan kemur um margt á óvart miðað við þær væntingar sem gerðar voru um efni hennar og innihald. Hún er byggð á umfangsmikilli og nákvæmri rannsókn, rituð á liðlegu mannamáli og hvergi dregið af neinu sem orðið var. Skýrslan er órækt vitni um ótrúlega atburði í fjármálalífi þjóðarinnar og raunar stjórnmálalífinu einnig.

En sannleiksskýrslan afhjúpar ekki eingöngu atburðarás sem olli hruni þess fjármálakerfis sem spratt hér upp í krafti auðæfa í formi lánsfjár. Íslendingar bjuggu lengst af við þröngt og miðstýrt fjármálakerfi sem haldið var uppi af útflutningstekjum af fiskveiðum. Þótt framfarir hafi orðið verður þeim varla líkt við það brjálæði sem upphófst þegar lánsfé tók að streyma inn í landið líkt og stórfliót í leysingu. Afleiðingum þess verður tæpast líkt við annað en þegar langþurr hópur vínheigðara manna kemst í ótakmarkaðar áfengisbirgðir og drekkur þangað til allt er uppurið. Í fylliríni tóku gallarnir svo að kristallast.

Skýrslan afhjúpar galla í stjórnkerfi þjóðarinnar og hún afhjúpar einnig bresti í íslenskri þjóðfélagsgerð sem ekki hafa verið að fullu ljósir. Bresti sem skapast af fámenni, einangrun, einsleitni, hjarðhegðun nánd, klíkuskap, vinavæðingu og jafnvel óvinavæðingu og hafa með ýmsum hætti leitt til þess hvernig fór. Viðbrögð þeirra sem koma við sögu í skýrslunni eru ekki trúverðug. Þeir hlaupast undan hver sem betur getur. Ábyrgðarþynningin er allsráðandi. Verður skýrslan aðeins hneykslunarlesning fólks um skamman tíma eða kann hún að verða nokkurt leiðarljós inn í framtíðina. Þar veltur ekki aðeins á stjórnmálamönnum heldur hverjum og einum þjóðfélagsþegn. Við skulum vona að svo megi verða.

Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför



Sverrir Einarrson



Hermann Jónasson



Jón G. Bjarnason



Bryndís Valbjarnardóttir

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Suðurhlíð 35 Fossvogi • www.utfarin.is

Vaktsími: 581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt
Komum heim til aðstandenda ef óskað er

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is

Vaktsími: 565 5892 & 896 8242 • Sólarhringsvakt
Komum heim til aðstandenda ef óskað er



Jóhann Davíðsson, hvernislögregluþjónn í Breiðholti og unglingaráðgjafarnir Erla S. Hallgrímsdóttir og Þóra Guðjónsdóttir.

Lög um útivistartíma virt í Breiðholti

Samstarf lögreglu, unglingaráðgjafa, Þjónustumiðstöðvar Breiðholts og starfsmanna ÍTR hefur haldið áfram í vetur en það samstarf hefur verið stór hluti forvarna í hverfinu á undanförunum árum.

Hluti þessa samstarfs eru svokallaðar athvarfsvaktir en blaðamaður Breiðholtsblaðsins hitti Jóhann Davíðsson, hvernislögregluþjónn og unglingaráð-

gjafana Erlu S. Hallgrímsdóttur og Þóru Guðjónsdóttur ekki alls fyrir löngu. Að þeirra sögn hefur ástandið í hverfinu batnað mikið að undanförunum og ánægjulegt að sjá að lög um útivistartíma eru að mestu virt. Meginhlutverk athvarfsvakanna er að vinna gegn ólöglegri útivist barna yngri en 16 ára og er starfsemin ætluð til að styðja foreldra í því að börn þeirra virði útivistartímann. Á

athvarfsvöktunum er leitast við að láta börnin fá skýr skilaboð um að brot á reglunum sé ólöglegt og óæskilegt og við því sé brugðist. Þau Jóhann, Erla og Þóra lögðu þó áherslu á það að þrátt fyrir að ástandið sé gott í dag megi alls ekki sofna á verðinum og halda verði áfram þessu mikilvæga forvarnarstarfi á næstu misserum.

Lokun Seljasafns mótmælt



Á myndinni eru Ásdís Arnalds t.v., Guðlaug Gísladóttir, fyrir miðju, sem afhenti listana og Áslaug María Friðriksdóttir, formaður menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar tók við þeim.

Formanni menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar voru á dögunum afhentir undirskriftalistar þar sem íbúar í Seljahverfi mótmæla fyrirhugaðri lokun Seljasafns Borgarbókasafns Reykjavíkur. Með lokuninni telja íbúar hverfisins þjónustu Borgarbókasafns skerta verulega en

verði af lokun safnsins er aðeins um starfsstöð Borgarbókasafns í Gerðubergi að ræða.

Guðlaug Gísladóttir, sem var einn hvatamanna að söfnun undirskriftanna og afhenti listana í höfuðstöðvum Borgarbókasafns í Grófinni í Reykjavík segir mikla óánægju á meðal Seljabúa með

lokun safnsins. Seljasafn sé í göngufæri frá stórum hluta hverfisins og verði af lokun þess muni íbúar hverfisins verða að fara akandi eftir bókum auk annarra óþæginda sem lokuninni kunni að skapast. Seljasafn er opið á mánuðögum og miðvikudögum kl. 13 til 18.

Hugsum út fyrir lóðamörkin

Hverfisráð Breiðholts og íbúasamtökin betra Breiðholt standa að formlegum fegrunar- og hreinsunardegi í Breiðholti 9. maí næstkomandi og hefist verkefnið kl. 11.00. Afhentir verða pokar og tínur á þremur stöðum. Breiðholtsskóla við Arnarbakka, Fjölbrautarskólanum Breiðholti við Austurberg og við Hverfamiðstöðina í Jafnaseli.

Um er að ræða árlegan viðburð sem ætlaður er til að hvetja íbúa til að hreinsa og snyrta til í eigin götum og nágrenni. Einnig eru fyrirtæki og stofnanir hvött til að taka til hendinni og hreinsa og snyrta þau svæði sem umlykja

starfsemi þeirra. Allir íbúar, stofnanir og félagasamtök sem tók hafa á að taka þátt í þessu verkefni eru hvött til að mæta eða láta til sín taka dagana í kringum hreinsunardaginn. Þá eru frambjóðendur fyrir borgarstjórnarkosningarnar í maí sérstaklega velkomnir og hvattir til að mæta og sýna samstöðu í verki.


Reykjavíkurbíngið var haldið í FB

Reykjavíkurbíngur og sumargleði Samfylkingarinnar var haldið í Fjölbrautarskólanum í Breiðholti fyrir skemmstu, undir yfirskriftinni Bjartari framtíð fyrir börnin okkar.

Breiðhylltingar og aðrir Reykjavíkurbíngar fjölmenntu í Austurbergið til þess að leggja lokahönd á stefnuskrá Samfylkingarinnar fyrir komandi borgarstjórnarkosningar en ekki síður til þess að taka þátt í sannkallaðri fjölskylduhátíð. Leikjadagskrá var fyrir börnin allan daginn, skottmarkaður á bílaplaninu, ýmis skemmtiatriði á sviðinu og pylsuparty í lokin.



Unga kynslóðin lét sig ekki vanta í Austurbergið. Þessar tvær ungu Reykjavíkurdömur gæddu sér á pylsum ásamt mörgum fleirum þing- og hátíðargestum.



Hjá Eddu

Fótaaðgerðastofa

S. 561 2025 & 8 200 593

Hléskógar 16

eddalara@islandia.is

HÁGÆÐI
HÁGÆÐA HÚSAVIÐGERÐIR

Sími: 565-7070

www.husavidgerdir.is
info@husavidgerdir.is

PRENTSMÍÐJAN
NES

ÖLL ALMENN PRENTUN
Sími
895 8298

NETFANG: NES@ISHOLF.IS

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími:

511 1188 &
895 8298

borgarblod@simnet.is

**Gerðu
góðverk
í dag**

907 2002

Hjálparstarf
kirkjunnar
www.help.is



SUMAR 2010

SUMARSTARF Í REYKJAVÍK

Skráning er hafin í sumarstarf á vegum ÍTR.



Allar upplýsingar á
www.itr.is/sumar



VIÐTALIÐ

Lífið hefur snúist um handbolta og slor

Ég er hreinræktaður Skagfirðingur og er stoltur af því. Við erum ögn örðuvísi en annað fólk. Við erum skemmtilegri og eigum auðveldara með að blandast fólki en aðrir kynstofnar. Ég held líka að Skagfirðingar og Breiðhýltingarnir séu afskaplega góð blanda. Þótt ég sé stoltur af því að vera Skagfirðingur þá er ég ekki síður stoltur af því að búa í Breiðholtinu. Við komum hingað 1990. Þegar við ákváðum að skipta um húsnæði fyrir nokkrum árum leiddum við hugann aðeins að því hvort við ættum að skipta um hverfi en féllum þó fljótlega frá því. Við viljum hvergi annarsstaðar vera. Við fylgdum strauinum af landsbyggðinni og hugmyndin um "gettoið" kveikti í okkur. En án alls gamans þá áttum við orðið þrjú börn og það átti ef til vill sinn þátt í að við völdum að setjast að í Breiðholtinu.

Það var gott að ala börn upp þar og ég held að Breiðholtíð sé um margt fjölskyldu- og ekki síst barnvænt hverfi. Nú er þetta líka orðin miðja höfuðborgarsvæðisins. Hún er alltaf að færast til austurs með vaxandi byggð og svo er þetta stærsta hverfið. Og nú er ég kominn með fyrirtæki í hverfinu og sé ekki eftir því," segir Hólmgeir Einarsson, fiskkaupmaður og íþróttaáhugamaður í samtali við Breiðholtsblaðið.

Lífið hefur snúist um slor

"Ég er fæddur og uppalinn á Hofsósi og því má segja að ég hafi fæðst við höfnina enda var hún athafnasvæði mitt fyrstu árin. Ég var ekki hár í loftinu, var svona rétt farinn að ganga þegar ég fór að dorga og skömmu síðar að stokka upp línu. Þabbi gerði út frá staðnum ég var meira og minna með honum í slorinu. Ég var á bryggjunni og á sjónum á sumrin og stundum eftir skóla á veturna. Lífið var fiskur og fugl. Þegar atvinnulífið tók við var sjórinn alltaf skammt undan. Ég hélt þó aðeins framhá honum um skeið. Ég fór til starfa hjá Rafmagnsveitum ríkisins og vann við uppsetningu byggðalínunnar um tíma. Ég skrapp auðvitað á sjóinn ef ég kom heim um helgar og í öðrum fríum." Hólmgeir lauk námi frá Fiskvinnsluskólanum vorið 1985 og fór eftir það til starfa við verkstjórn í frystihúsinu á Hofsósi þar sem hann starfaði í þrjú ár. "Þá hleypti hann heimdraganum í leit að meiri fiski og settist að um tíma í Þorlákshöfn þar sem ég starfaði við verkstjórn hjá útgerðarfélaginu Meitlinum. Því get ég sagt með stolti að lífið hefur snúist um slor."

Vakti gömlu hugmyndina upp

"Nei - aðdragandinn að stofnun fiskbúðarinnar var ekki langur. Ég hélt áfram að starfa við fiskinn eftir að ég kom til Reykjavíkur og var reyndar búinn að hugleiða um tíma að opna fiskbúð en hafði ekki látið verða af því. En svo kom kreppan og ég missti vinnuna hjá



Hólmgeir Einarsson fyrir utan fiskbúðina í göngugötunni í Mjódd.

Fiskisögu þar sem ég hafði starfað. Ég var svona rétt að byrja að líta í kringum mig þegar ég frétti af þessu plássi hér í Mjóddinni. Þá ákvað að koma þessari gömlu hugmynd minni í framkvæmd. Ég þurfti að gefa mér nokkurn tíma í undirbúning vegna þess að fara varð í umtalsverðar breytingar og endurbætur á húsnæðinu. Hér hafði verið skóbúð um tíma og það var útilokað að nota innréttingar sem ætlaðar voru fyrir skó í fiskbúð. Ég varð að moka öllu út og það varð til þess að auðvelda mér þá hugmynd að byggja þetta á hreinleika og snyrtimennsku."

Ekki hættur að fara niður á bryggju

Fisksalan er orðin nokkuð breytt frá því sem áður var. Í stað þess að fara með pallbílinn niður á bryggju síðla nætur eins og gömlu karlarnir gerðu kaupa fiskbúðareigendur nánast allan fisk á rafrænum fiskmarkaði. "Ég er þó ekki alveg hættur að fara niður á bryggju. Nei - ég mæti út á Granda um kl. fimm á morgnana. Flaka þar og kem með fiskinn flakadán hingað upp eftir. En ég kaup megnið af mínum fiski í gegnum tölvu héðan úr kaffikröknum. Ég versla við útvegsmenn og sjómenn víða að af landinu. Samgöngur eru yfirleitt það góðar að allur fiskur sem ég kaupi utan höfuðborgarsvæðisins er kominn í hús hjá mér klukkan sjö að morgni daginn eftir." Hólmgeir segir að vandi fiskisalans liggir í háu verði á hráefni. "Krónan er svo lágt skráð

um þessar mundir að útvegsmenn fá hátt verð fyrir útlutning. Því verðum við sem erum að selja fisk til neytenda úr búðum að keppa við þau verð. Þess vegna er fiskurinn orðinn of dýr út úr búð í samanburði við kjötvörur. Ég er að selja stórlúðu á sambærilegu verði og er á nautasteik. Stórlúðan stendur undir háu verði vegna þess að hún er úryvals matur og frábær á grillið. En Íslendingar eru fiskfólk og láta ekki hátt verð fæla sig frá því að borða það sem þeim líkar. Ég sé það á sölnunni hjá mér sem er alltaf að aukast." Þegar litast er um í Fiskbúð Hólmgeirs í Mjóddinni í Breiðholti er ljóst að hann er með margar fisktegundir á boðstólum. "Það er lögnu liðin tíð að fiskisalar bjóði bara þorsk og ýsu. Fisktegundum sem veiddar eru hér við land hefur verið að fjölga og neytendur eru farnir að venjast nýjum tegundum. Ég er hér með bleikju, lax, lúðu, kola, skötusel - já bara alla flórúna eins og hún leggur sig. Og signa grásleppan kemur frá Hofsósi."

Fiskurinn er ekki á leið af borðum landsmanna

"Já - ég er mjög ánægður með að vera kominn hingað," heldur Hólmgeir áfram, "Mér líður vel og mér hefur verið tekið með ágætum. Fólk verður að borða og ég tel að fiskbúðirnar eigi sér framtíð. Fiskurinn er ekkert á leið af borðum landsmanna. Það er sama hvornig víðrar í landsmálunum. Íslendingar munu áfram borða fisk. Meðhöndlunin hefur

líka breyst svo mikið frá því sem áður var. Ég sel þó mikið af orginal hráefni sem fer beint í pottinn eða á pönnuna hjá fólki en er líka með fjölbreytt úrval af tilbúnum fiskréttum. Það er svo misjafnt hvað fólk vill. Á meðan sumir vilja fást við eldamennsku heima þá eru aðrir sem vilja hafa sem minnst fyrir henni og fá réttina næstum tilbúna í hendur. Ég reyni að mæta þessum þörfum eins og kostur er."

Handboltinn byrjaði í bragganum

En Hólmgeir er þekktur fyrir fleira en fisk og slor. Hann er mikill áhugamaður um íþróttir - einkum handbolta og fótbolta. "Ég fór snemma að taka þátt í íþróttum. Heima á Hofsósi var ég í kringum fótboltann og frjálsu íþróttirnar. Það var enginn að spila handbolta en við nokkrir strákar fengum að æfa hann í gömlum herbragga frá stríðsárunum sem kaupfélagið hafði notað síðar fyrir áburðargeymslu. Ég man að við þurftum að hreinsa til. Við mættum allir með skóflur og svo urðum við að ráðast á rotturnar sem höfðu tekið sér ból í yfirgefnum bragganum. Aðstaðan var ekkert sérstök og við spiluðum á eitt mark á steingólfi. Ég keppti nokkuð í íþróttum - m.a. á landsmótum en ég fór ungur að heiman og að vinna og þá fjaraði þetta nokkuð út um tíma. En áhuginn var alltaf fyrir hendi og ég fór síðan að koma aftur að þessu í gegnum börnin mín. Tveir synir mínir

og ein dóttir voru í handboltanum. Þeir eru enn á fullu. Einar er í atvinnumennsku í Þýskalandi og Björgvin spilar með Haukum í Hafnarfirði en dóttir mín hætti að æfa þegar hún eignaðist barn. Ég er því í þeirri einkennilegu stöðu að halda bæði með ÍR og Haukum."

Var kannski svolítið ofvirkur

Ég tengist ÍR vegna þess að félagið er hér í hverfinu og krakkarnir fóru að æfa með því. Svo fór ég að skipta mér af eins og er mín von og vísa. Ég lít þó svo á að ég hafi ekki verið að vinna fyrir krakkana heldur að vinna með þeim þannig að þau væri hinn skapandi aðili en ekki þiggjendur af minni hálfu. Auðvitað eru ekki allir á sama máli um þetta og ég kynntist því að mönnum fannst ég vera vitlaus að eyða flestum helgum í að eltast við krakkana. Ég var með þau öll þrjú í handboltanum og stundum voru þau öll að keppa yfir sömu helgina. Öll þurftu þau að fá að éta á ákveðnum tímum og annað sem púsla þurfti saman. Þegar kunningjarnir voru að spyrja mig í hverslags bull maður væri búinn að koma sér í svaraði ég því til að ég vildi þetta heldur en vera að eltast við þau niður á Hlemmi." Hólmgeir segir að oft hafi mikil vinna legið að baki íþróttum krakkanna hún hafi líka verið skemmtileg. "Kannski var ég dálítið ofvirkur í þessu. Það má eflaust segja það. Ég hefði trúlega verið settur á ritalín ef það hefði verið til þegar ég var ungur en sem betur fór þá þekktist ekki að dempa börn niður með þeim hætti," segir Hólmgeir og hlær. "Íþróttaáhuginn kom í staðinn og virkaði held ég mörgum sinnum betur en einhver meðferð hefði gert."

Mikil lyftistöng fyrir ÍR og Breiðholtíð

Hólmgeir var formaður handknattleiksdeildar ÍR í fimm ár átti sæti í stjórn deildarinnar í rúman áratug. Þetta óx hratt. Það var mikill kraftur í handboltanum og frjálsu hjá ÍR og svo kom karfan. Fótboltinn hefur líka verið aðeins á uppleið en aðstöðuleysið hefur háð okkur. Það hefur verið Akk-elisarhæll ÍR í mörg ár. Við höfum verið með starfið út og suður um Breiðholtíð og þannig er erfðara að mynda eina liðsheild. Breiðholtíð gleymdist hvað þetta varð um árabil. Það byggðist hratt og kraftar borgarinnar fóru síðan í annað. En eftir að þeir fóru að minna á sig vöknudu stjórn-málamennirnir og þetta breyttist. Það var búið að samþykkja framkvæmdir þegar kreppan skall á en nú eru þær í biðstöðu. Við verðum að vona að sú bið vari ekki lengi eða verði endalaus. Með flottu íþróttahúsi í Mjóddinni skapast ný og gerbreytt aðstaða. Það verður mikil lyftistöng fyrir ÍR og fyrir íþróttalífið í Breiðholti."

Vaxandi eftirspurn eftir viðhaldsverkefnum

“Ég hef orðið var við aukna eftirspurn eftir viðhaldsverkefnum nú þegar lægð gengur yfir byggingariðnaðinn. Þá fara menn að huga að eldri mannvirkjum og viðhaldi sem ef til vill hefur setið á hakanum þegar meira er um að vera í nýbyggingum,” segir Tryggvi Jakobsson, byggingafræðingur, múrarmeistari og Breiðholtsbúi í samtali við Breiðholtsblaðið.

Tryggvi rekur fyrirtækið TV eða TV Tækniþjónusta Verktakar eins og það heitir fullu nafni. TV hefur sérhæft sig í viðhaldsverkefnum og ráðgjöf til þeirra sem annast slík verk hvort sem það eru eigendur mannvirkja eða verktakar sem annast slíka starfsemi. Tryggvi segir að þær úrbætur sem mest hafi verið um og unnið sé að megi rekja til viðhalds á steypu og múr en einnig þak og gluggaviðgerðum. “Við önnumst hins vegar alhliða ráðgjöf varðandi mannvirki, úttektir, mót, gerð útboða og samningsgerð auk hönnunar og byggingaefirlits,” segir Tryggvi sem hefur rekið fyrirtækið frá 1989 eða í rúma tvo áratugi.

Tryggvi segist hafa byrjað að fást við byggingar þegar á unglingsárum. Um 1965 og síðar þegar mikið hafi verið unnið við tvöföldun glerja í gluggum. Þá hafi ný tækni verið að koma til sögunnar og menn að uppgötva sparnað þess og þægindi að hafa tvöfalt gler. Svo lá leið hans í múrverkið og hann starfaði sem múrarmeistari um skeið. Eftir tíma í múrverkinu hélt hann til Dan-



Tryggvi Jakobsson, byggingafræðingur, múrarmeistari og Breiðholtsbúi.

merkur til þess að nema byggingafræði við Byggingateknisk Háskóla í Horsens og eftir heimkomuna setti hann tækniþjónustuna á fót. Í upphafi var fyrirtækið alhliða verktaka- og ráðgjafafyrirtæki aðallega þó á sviði viðhalds, endurbóta og sérhæfðra verkefna s.s. Þotuhreiðrið við Flugstöð Leifs Eiríkssonar, en höfundur verksins er Magnús Tómasson. Nokkrum árum síðar fór Tryggvi að sérhæfa starfssviðið nokkuð og síðustu 15 árin hefur starfsemi fyrirtækisins aðallega verið í formi alhliða ráðgjafar um mannvirki. TV Tækniþjónusta Verktakar hefur einnig annast ráðgjöf varðandi ástand fasteigna og unnið fyrir húsfélög m.a. með því að undirbúa fundi þeirra þar sem framkvæmdir við

endurbætur og breytingar húseigna hafa verið á dagskrá. Tryggvi segir að fyrirtæki sitt bjóði upp á alla þá tæknilegu þjónustu sem nauðsynleg er hverju sinni fyrir hvert einstakt verk. Það getur verið allt frá einni einstakri heimsókn þar sem fram fer skoðun og fyrsta ástandsmat húseignar er framkvæmt, þetta á jafnt við minni og stærri húseignir. Fyrirtækið hefur átt í samstarfi við margar af stærri verkfræðistofum landsins í gegnum tíðina. TV býður upp á byggingastjórnun og gerir þá samning við iðnmeistarar og verktaka sem sniðinn er að þörfum og umfangi hvers einstaks verks hverju sinni. TV leggur áherslu á persónulega og faglega þjónustu til viðskiptavina sinna.

Ópið
mán. - föst. kl. 10-22
laugard. kl. 10-20
sunnud. kl. 13-18

SÚPER SÓL / NOON HÁRSTOFA

Hólmaseli 2, 109 Reykjavík
S. 567 2077 - 587 0077

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími:

511 1188 & 895 8298

borgarblod@simnet.is

borgarblod.is

Hverfid mitt

Fylgstu með þínu hverfi á www.hverfidmitt.is



Reykjavíkurborg hefur opnað tíu nýja hverfavefi fyrir borgarbúa. Þar er meðal annars hægt að kynna sér þjónustu og framkvæmdir ásamt því að senda inn ábendingar og hugmyndir.



Reykjavíkurborg

www.reykjavik.is
www.hverfidmitt.is

Blómlegt félagsstarf í Árskógum 4

Félagsstarfið hefur verið blómlegt síðastliðið ár. Flestir hafa fundið eitthvað við sitt hæfi t.d. smíðar, saum, söng, bingó, félagsvist, boccia og leikfimi.

Alla fimmtudagsmorgna er bænastund og hafa séra Valgeir Ástráðsson og séra Ólafur Jóhanna Borgþórsson, prestar við Seljakirkju aðstoðað við þær. Púttvöllurinn er opinn á sumrin og er öllum sem sækja félagsmiðstöðina er velkomið að nota hann. Daganna 15. til 16. og 17. apríl var hin árlega handverkssýning í Árskógum og var þá sýndur afrakstur vetrarstarfsins og voru sýndir margir glæsilegir munir eins og fagurlega útskornar klukkur, stytur og skápar. Frístundamálarar lögðu fram 40 olíumyndir sem höfðu verið málaðar í félagsstarfinu og sýndu. Einnig glöddu útsaumur, perlusaumur, glæsilegir jólasokkar, útsaumaðar myndir og fleira augað. Sönghópur Elsu söng



Glæsilegt handverk.

og stýrði fjöldasöng, harmonikkuleikarar voru Elsa Haraldsdóttir og Þorleifur Finnsson. Rúmlega 500 mans komu að sjá sýninguna. Glæsilegar kaffiveitingar voru í umsjón Olgu Gunnarsdóttir.

*Elsa Haraldsdóttir
deildarstjóri félagsstarfs.*



Magnús talar við nemendur í FB

Nemendur Fjölbrotaskólans í Breiðholti fjölmenntu á forvarnarfyrirlestur sem haldinn var í skólanum fyrir skömmu.

Fræðslan sem um ræðir „Hættu áður en þú byrjar“ er í umsjá Magnúsar Stefánssonar hjá Samhjálp og voru nemendur

mjög áhugasamir.

Á dagskrá var nýtt forvarnarmyndband, fræðsla um einkenni áfengis- og vímuefnaneyslu og skaðsemi þeirra. Að fá fræðsluna inn í skólann er fyrsta verkefni nýstofnaðrar forvarnarnefndar nemendafélagsins en hlutverk

hennar er að efla forvarnarstarf innan veggja skólans með ýmsum hætti. Við þökkum Magnúsi fyrir komuna og vonumst til að nemendur hafi haft gagn og gaman að.

Erla María J. Tölgyes.

Stígur og Tröð í fjáröflun

Unglingasmiðjurnar Stígur á Amtmannsstíg og Tröð í Keilufelli ætla eins og fyrr að setja markið hátt og stefna á 3. daga hestaferð hvor fyrir sig norður í land í júní. Unglingarnir eru fullir af áhuga, kjarki og eldmóði gagnvart verkefnum og fjáröflun fyrir ferðina.

Við biðjum því íbúa Breiðholts og víðar að taka vel á

móti ungum solumönnum, sem bjóða til sölu volga kanilsnúða, lakkris, ilmkeri og eru að safna flöskum. Margt smátt gerir eitt stór. Ef einhverjir liggja með reiðbuxur, sem þeir eru hættrir að nota þiggjum við þær með þökkum. Unglingasmiðjurnar tilheyra nú báðar Þjónustumiðstöð Breiðholts.

Friðgeir opnar í Gerðubergi

Friðgeir Helgason, ljósmyndari í Los Angeles opnar ljósmyndasýningu í Gerðubergi 16. maí næst komandi. Í tilefni af opnuninni mun hann matreiða og bjóða sýningargestum upp á gumbo – sérstakan rétt sem hann er þekktur fyrir en Friðgeir er einnig menntaður matreiðslumaður og starfaði við það um árabil í New Orleans. Myndinar sem hann sýnir eru allar teknar í Breiðholti og eru hluti af útskriftarverkefni hans í ljósmyndum.

Friðgeir ólst upp í Breiðholti en foreldrar hans fluttu þangað frá Vestmanneyjum í gosinu í janúar 1973. Hann hefur alltaf haldi tryggt við þessar æskustöðvar sínar og kom heim fyrir fjórum árum til að taka myndir. Hann tók þá mikið af myndum í Breiðholti og hélt í framhaldi af því einkasýningu í mars 2007. Sumarið eftir kom Friðgeir öðru sinni í Breiðholti, dvaldi þar um tíma og myndaði og úr þeim efnivið vann hann útskriftarverkefni sitt. Friðgeir sagði í viðtali við Breiðholtsblaðið síðsumars 2008 að frá því hann kom í fyrri sinni hafi hann haft mikla löngun til þess að koma aftur til að vinna efni í stóra sýningu úr myndum tekn-



Friðgeir tók þessa mynd af barni í borg sumarið 2008. Myndin er ekki hluti af sýningunni í Gerðubergi en þess má geta að kynningarmynd Listahátíðar í ár er eftir Friðgeir og sýnir rosinn mann með haglabysu á svölum en þar brá afi hans sér í hlutverk byssumannsins.

um í Breiðholti. „Ég lít á þessar myndir sem einskona landslagsmyndir. Þetta er landslagið í Breiðholti en ég beiti öðrum sjónarhornum og annarri túlkun heldur en hefðbundnir landslagsljósmyndarar gera þegar þeir fara um landið og horfa á náttúrufyr-

irbærin. Þetta er ekkert annað en það sem kallað er „urban landscape“ eða borgarlandslag.“ Nú er þessi sýning komin og Breiðholtsbúum og öðrum gefst kostur á því að fjölmenna í Gerðubergi og líta umhverfið í því ljósi sem Friðgeir hefur fangað á filmu.

TJÓNASKOÐUN

- málun - réttingar

Allar almennar viðgerðir

SÍMI & FAX: 554-3044 • RETTIRBILAR@RETTIRBILAR.IS
VESTURVÖR 24 • 200 KÓPAVÖGUR



NÝR STAÐUR

Í MJÓDD

Álfabakki 14

SUBWAY

Vetur kvaddur í Breiðholti

Veturinn var kvaddur í Breiðholtskirkju síðasta vetrardag að vanda en það er félagsstarfið í hverfinu sem stendur að þessari skemmtilegu dagskrá.

Í frétt frá félagsstarfinu í Breiðholti kemur fram að til hafi orðið mörg samstarfsverkefni á liðnum árum, þar sem mann- og félagsauður er nýttur til þess að virkja þekkingu, reynslu og krafta og fjölmargar hefðir hafa skapast af því í viðburðadagatali hverfisins. Sérstök áhersla er á að fólk á öllum aldri komi saman undir samheitinu „Kynslóðir saman í Breiðholti” - samtal, samvera og samskipti. Breiðholtskirkja, félags og tómsundastarf í Breiðholti og Þjónustumiðstöð Breiðholts stóðu fyrir fjölbreyttri dagskrá í kirkjunni á síðasta vetrardegi en þessi viðburður hófst fyrir fjórum árum. Dagskráin hefur ætíð verið fjölbreytt í tali og tónum og kaffiveitingar boðnar í safnaðarheimilinu á eftir, þar sem gestum og þátttakendum gefst tækifæri á að eiga góða stund. Hefð er komin á dagskrárgerð, þátttakendur eru leikskólabörn frá Arnarborg, Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar, Gerðubergskórinn. Senjórítur, sem eru heldri konur í kvennakór Reykjavíkur undir stjórn Ágotu Joó, og grunnskólabörn í hverfinu.



Gerðubergskórinn tók lagið á vetrarlokahlátidinni í Breiðholtskirkju.



Yngri kynslóðin lét sig ekki vanta í Breiðholtskirkju enda er viðburðurinn ætlaður til þess að styrkja tengsl þeirra yngri og hinna eldri.



Fjölmening setti einnig svip á hátíðina.

Tvenn gullverðlaun á Copenhagen Open

Sara Lind Guðnadóttir og Elvar Kristinn Gapunay unnu tvenn gullverðlaun í sínum flokki á Copenhagen Open helgina 19. til 21. febrúar s.l. sem er þeirra frýrsta danskeppni á erlendri grund. Þau eru aðeins átta ára og æfa dans í dansskóla Sigurðar Hákonarsonar.

Að verðlaunaaafhendingunni í Kaupmannahöfn var þjóðsöngur Íslendinga leikinn og að því loknu urðu mikil fagnaðarlæti allra Íslendinga sem voru í Höllinni.

Síðan kepptu Sara Lind og Elvar Kristinn þrisvar sinnum í flokki 10 til 11 ára og komust í 12 para úrslit þar. Þau voru að keppa á móti 11 pörum frá Rússlandi og var því gaman að sjá Íslendinga í úrslitum með Rússunum. Þetta er frábær árangur hjá þeim. Þau Sara Lind og Elvar Kristinn urðu



Sara Lind Guðnadóttir og Elvar Kristinn Gapunay.

einnig tvöfaldir bikarmeistarar í samkvæmisdönsum þann 20 mars. Næst munu þau taka þátt í Íslandsmeistarakeppni sem er 1. og 2. maí.

Tvær nýjar frá Hólum

Bókaútgáfan Hólar í Breiðholti hefur nú sent frá sér tvær bækur. Annars vegar er það bókina **Læknir í blíðu og stríðu sem er ævisaga Páls Gíslasonar, læknis, skátahöfðinga og borgarflutrúa til margra ára en hin er Saga Félags járníðnaðarmanna.**

Ævisaga Páls er skráð af Hávari Sigurjónssyni og þar er víða komið við. Páll segir þar frá viðburðarríku starfi sínu sem læknir, bæði á Akranesi og í Reykjavík, skátahugsjóninni sem hefur verið leiðarljós hans og átökum í stjórnmalunum, bæði við eigin flokksmenn og yfirlýsta andstæðinga. Forvitnilegt er að lesa um það sem Páll segir um

Albert Guðmundsson og Davíð Oddsson, svo einhverjir séu nefndir af hinum pólitíska vettvangi.

Saga Félags járníðnaðarmanna er skrifuð af Friðriki G. Olgeirssyni og er hún gefin út í tilefni þess að í apríl eru liðin 90 ár frá stofnun félagsins. Þar er ítarlega greint frá baráttu járníðnaðarmanna fyrir bættum kjörum, betri aðbúnaði á vinnustöðum og þróun málmíðnaðar. Þá er fjallað um baráttu kommúnista og hægri manna um völdin í félaginu á þriðja og fjórða áratug síðustu aldar, en félagið tengdist mjög pólitískum deilumálum í þjóðfélaginu.

borgarblod.is

TV Tækniþjónusta Verktakar ehf

Eru viðhaldsframkvæmdir framundan?

Sérhæfing í viðhaldi og endurbótum á fasteignum. Áratuga reynsla af vinnu fyrir húsfélög og einstaklinga vegna endurbóta húseigna.

Dæmi um þjónustu:

- Úttektir á ástandi húseigna.
- Mat á viðgerðarþörf.
- Gerð kostnaðaráætlana vegna endurbóta.
- Umsjón og útboð á verkframkvæmdum.
- Samningsgerðir vegna verkframkvæmda.
- Eftirlit og umsjón á verkframkvæmdum.
- Hönnun vegna endurbóta.
- Endurnýjun frárennisslagna.
- Öll almenn hönnun mannvirkja.
- Skoðun fasteigna vegna fasteignakaupa.

Tryggvi Jakobsson, Byggingafræðingur og múrarmeistari

Sími: 893 4224

tvt@tvt.is • www.tvt.is



Breiðholtshlaup 2010

Breiðholtshlaupið verður haldið fimmtudaginn 13. maí nk. Kl. 13:00. Hlaupið verður frá Félagsheimili Leiknis, Austurbergi 1 um Elliðaárdalinn og Efra-Breiðholt.

Vegalengdir eru 2 km skemmtiskokk, 5 km og 10 km með tímatöku. Skráning hefst 13. maí kl. 11 í Félagsheimili Leiknis. Hlaupið hefst kl. 13.00

Þátttökugjald: fullorðnir 700 kr. og börn 400 kr.

Allir sem ljúka hlaupinu fá verðlaunapening

Að hlaupi loknu verður farið út á Leiknisvöll í fótbolta.

Keppni verður í hverjum flokki á milli iðkenda og foreldra.

Skilyrði til að fá að keppa er að barnið hafi tekið þátt í Breiðholtshlaupinu.

Aldursflokkskipting karla

og kvenna:

12 ára og yngri

13 - 18 ára

19 - 39 ára

40 - 49 ára

50 ára og eldri

**Vertu með! Komdu út að hlaupa
Tilvalin skemmtun fyrir alla fjölskylduna**

Hvetjum alla foreldra til að mæta og taka þátt með börnum sínum. Ef ekki til að keppa í fótbolta þá til að hvetja keppendur.

Boðið verður upp á veitingar í Leiknishúsinu að keppni lokinni

Breiðhylltingar tóku ríkan þátt í barnamenningarhátíðinni

Breiðhylltingar tóku virkan þátt í fyrstu barnamenningarhátíðinni í Reykjavík sem var haldin dagana 19. til 25. apríl. Margt var gert í tilefni hátíðarinnar þar sem skólar í hverfinu létu sitt ekki eftir liggja til þess að gera hátíðina viðburðaríka og skemmtilega.

Þema hátíðarinnar var forvitni og mátti sjá þess merki í mörgum viðburðum hennar og tóku börn úr Breiðholtinu bæði þátt í viðburðum í heimabyggð og í öðrum borgarhlutum.

Myndlistarsýning í Mjóddinni

Barnamenningarhátíðin í Breiðholti hófst með opnum á myndlistarsýning leikskólabarna í Bakkahverfi í Mjóddinni mánudag 19. apríl. Í tilefni af opnuninni fluttu nemendur Waldorf-skólans Sólstafa gjörning og léku á hljóðfæri. Nemendur 4. bekkjar Seljaskóla tóku síðan virkan þátt í opnunargöngu hátíðarinnar sem fram fór í miðbæ Reykjavíkur og nemendur í 1. og 7. bekk sama skóla unnu með listamönnum í Listaháskóla Íslands. Þemað í Seljaskóla var vegur forvitninnar. Nemendur í 1. og 7. bekkjar fetuðu veg forvitninnar með því að mynda hópana; Leyniheima, Undraheima, Ljósheima og Framsækna smíðavallarhópin sem reistu sérstakt völundarhús í inngarði skólans úr ýmsum efniviði. Undraheimurinn er hljóðheimur þar sem nemendur í 1. og 7. bekk bjuggu til hljóð og sömdu sögur og ævintýri. Í leyneimurinn var málað á ónýta geisladiska og búnir til skúlptúrar úr geisladiskum sem glömpuðu á undraverðan hátt. Veggvarða úr geisladiskum var sett upp í Seljaskóla og vörðuð var leið með máluðum steinum frá skólanum að félagsmiðstöðinni Hólmaseli þar sem önnur veggvarða var reist.

Fjólublá skrudganga

Fjórði bekkur Fellaskóla fjölmennti í skrudgöngu undir fjólubláum lit kl. 10 á mánudag. Á þriðjudag voru nemendur í 7. bekk skólans með kynningu á



Fjöldi fólks kom í göngugötuna í Mjóddinni þegar myndlistarsýning barnanna í Bakkahverfi var opnuð. Myndir frá barnamenningarhátíð. ÁHG.



Nemendur Waldorfsskólans Sólstafa sýndu gjörning og léku á hljóðfæri í tilefni af opnuninni.

samstarfsverkefni sínu með Þorgrími Þráinssyni í Ráðhúsi Reykjavíkur. Mikill tónlistardagur var í Fellaskóla á föstudeginum sem hófst kl. 9.00 með því að 4. bekkur bauð öllum 4. bekkjum í Ölduselsskóla og Hólabrekkskóla á tónleika sem voru haldnir í hátíðarsal skólans og nemendur í myndmenntavali Hólabrekkskóla sýndu samvinnuverk í Lista-

safni Reykjavíkur, Hafnarhúsi dagana 19. til 25. apríl.

Forvitni veggurinn, Litróf og leikir

Leikskólinn Hólaborg stóð ásamt fleiri leikskólum og í samstarfi við Tónskóla Sigursveins að skemmtun sem fram fór í Háskólabíói 21. apríl. Leikskólarnir Hólaborg, Hraunborg og Suðurborg efndu til listsýningar barna í Verslunarmiðstöðinni Hólagarði sem opnaði þann 20. apríl og síðan má nefna forvitna vegginn sem er flísalistaverk í Breiðholtslaug. Veggurinn varð þannig til að gestum og gangandi var boðið að koma við í lauginni og skrifa niður setningu um málefni sem líklegt væri til að vekja forvitni á þar til gerðar flísar. Flísarnar voru síðan límdar á sérstakan vegg í kaffisal sundlaugarinnar þar sem hægt var að fylgjast með forvitna flísaveggnum í sköpun. Af öðru athyglisverðu sem börn í Breiðholtinu stóðu að á barnamenningarhátíð má nefna tónleika Listasmiðjunnar Litrófs í Fella- og Hólakirkju 21. apríl en Listasmiðjan Litróf er hluti af innflytjendastarfi kirkjunnar. Félagsmiðstöðin í Hólmaseli stóð fyrir leikjamenning barna á sumardaginn fyrsta þar sem farið var í ýmsa leiki, þar á meðal brennibolta, fót-bolta, kyló, kött og mús, hlaupið í skarðið, stórfiskaleik, fram fram fylkingu, fallna spýtu, eitur í flösku, 1, 2, 3, 4, 5 dimmalimm, snú snú og fleiri klassíska barnaleiki. Á heimsdegi barna í Gerðubergi var gestum boðið að upplifa ólíka menningarheima á skapandi og skemmtilegan hátt.



Leikskólabörnin höfðu gert sér höfuðbúna í tilefni dagsins.



Börnin skreyta tré í göngugötunni í Mjódd.



Myndir eftir börn úr Bakkaborg.



Með smíðatól við undirbúning opunarinnar í Mjóddinni.

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími: 511 1188 & 895 8298

Mikið ferðasumar framundan hjá Ferðafélagi Íslands

„Óhætt er að segja að mikið fjör sé í starfsemi Ferðafélags Íslands um þessar mundir. Félagið hefur vaxið á síðustu misserum og starfsemin orðið fjölbreyttari. Þar kemur til stóru aukinn áhugi fólks á útiveru og ferðalögum en ekki síður að almenningur telur grunnildin í starfsemi félagsins nú eiga erindi við sig. Það er ljóst að það er mikið ferðasumar framundan hjá landsmönnum en sl. sumar var metár í þátttöku í ferðum félagsins,“ segir Páll Guðmundsson framkvæmdastjóri Ferðafélags Íslands.

Starf FÍ hefur eflst að mun á undanförunum árum, Félögum hefur fjölgað og nú lætur nærri að þeir séu um níu þúsund. Þátttaka í ferðum er góð og margar nýjungar hafa litið dagsins ljós. Áhersla er lögð á að ná til yngra fólks og fjölskyldna, til dæmis með barnavagnagöngum og Ferðafélagi barnanna. Þá er góð þátttaka í verkefnum 52 fjöll sem hrundið var af stað nú í ársbyrjun og margir sem hafa tekið þeirri áskorun að ganga á eitt fjall í viku yfir árið.

„Það er eitt af keppikeflum okkar að hvetja fólk til að stíga sín fyrstu skref í ferðamennsku og veita því tækifæri til slíks á viðráðanlegu verði og í viðráðanlegum verkefnum. Þetta er hægt að gera hjá FÍ án nokkurs endurgjalds eða með litlum kostnaði,“ segir Páll.



Páll Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ferðafélags Íslands.

Sjálfböðastarfið er mikilvægt

Grunngildin í starfi FÍ eru fjögur, að sögn Páls, það er skipulagning ferða, útgáfa rita um land og leiðir, rekstur skála víða um landið og í fjórða og síðasta lagi náttúruvernd í sinni víðustu merkingu. Sjálfböðaliðastarfi er burðarásinn í starfi FÍ. Hópar röskra félaga sinnir ýmsum verkefnum á vettvangi félagsins, svo sem viðhald skála, merkingu gönguleiða, fararstjórn að nokkru leyti og þannig mætti áfram telja.



Að undanförunu hefur verið bryddað upp á ýmsum nýjungum í félagsstarfinu.

Gönguferðir eru ódýr afþreying

„Gönguferðir eru einföld og ódýr afþreying eins og gönguferðir og holl útivera og hefur fjallamennska og gönguferðir notið vaxandi vinsælda að undanförunu. Þátttakan í skipulögðum ferðum okkar hefur aldrei verið meiri hin síðari ár. Sömuleiðis höfum við lagt okkur fram við að aðstoða einstaklinga og hópa við skipulagningu lengri og skemmri ferða þar sem nauðsynlegt er að hafa réttan búnað og ætla sér ekki um of. Við bjóðum upp á dagsferðir, helgarferðir og sumarleyfisferðir og ferðaáætlunina má meðal annars finna á heimasíðu félagsins, fi.is“ segir Páll.

Ferðafélag Íslands er árið um kring með skipulagðar ferðir og fræðslu um landið og gefur út árbók sem hefur komið út allt frá árinu 1928. Þar hefur í hverri bók um sig verið fjallað um einstök héruð landsins og eru bækurnar ein allra besta Íslandslýsing sem völ er á. Árbókin í ár fjallar um Torfajökulssvæðið og er það forseti félagsins Ólafur Örn Haraldsson sem skrifar bókina. Bókin kemur út í maí.

„Að undanförunu höfum við bryddað upp á ýmsum nýjungum í félagsstarfinu. Í haust höfum við til dæmis verið með skipulagðar gönguferðir um miðjn dag á virkum dögum. Þá hafa gönguferðir fyrir eldri borgara mælst vel fyrir rétt eins og skipulögð dagskrá á vorin fyrir barnafólk en þær höfum við kallað barnavagnagöngur. Bæði í ferðum fyrir yngra sem eldra fólk þá höldum við okkur hér í jaðri þéttbýlisins, höfum farið um Elliðaárdalinn, Öskjuhlíð og út á Gróttu. Þar notum við okkur hið frábæra göngustígakerfi sem er um borgina sem alltof fáir vita af,“ segir Páll.

Margir frábærir fararstjórnar

Í innra starfi FÍ að undanförunu hefur verið leitast við að fá nýtt fólk til að taka að sér fararstjórn. „Ferðafélagið hefur marga frábæra fararstjóra innan sinna raða, reynslumikla ferðamenn sem margir hverjir eru hámenntaðir á ýmsum sviðum, m.a. jarðfræðinga, landfræðinga, líffræðinga svo dæmi sé tekið. Við höfum verið að stækka fararstjórahópinn og bæði yngt upp og einnig fengið fleiri konur til að sinna fararstjórn og hefur það gefist vel,“ segir Páll Guðmundsson.



Sumarleyfisferðir FÍ eru alltaf vinsælar og má þá einu gilda um hvaða slóðir förinni er heitið.



Vaxtalaus greiðslukjör í allt að 12 mánuði

(visa/euro) Engin útborgun

Sjöntækjafræðingar með réttindi til sjónmælinga og linsumælinga

Gleraugað

Bláu húsin við Faxafen
Suðurlandsbraut 50
108 Reykjavík

Sími: 568 1800

gleraugad@simnet.is
www.gleraugad.is

Bernskuminningar úr Breiðholtinu

Andri Björn Róbertsson, söngnemi rifjar æskuna í Breiðholtinu upp að þessu sinni.

Andri Björn er yngstur þriggja barna þeirra Róberts B. Agnarssonar, viðskiptafræðings og Önnu Björnsdóttur, ritara í Tónskólanum í Reykjavík. Andri Björn hefur sungið frá fimm ára aldri og hyggur á framhaldsnám í sögn í London á komandi hausti.

Annað hvort fótbolli eða söngur

Ég er fæddur í Reykjavík en fyrstu þrjú árin átti ég heima í Mývatnssveit þar sem faðir minn starfaði við Kísiliðjuna. Ég veit ekki af hverju ég fæddist í Reykjavík en trúlega hefur foreldrum mínum þótt of langt á fæðingardeildina úr Mývatnssveitinni enda fæddist ég um vetur. Eðlilega man ég lítið eftir dvölinni nyrðra en ég hef þó tengst Mývatnssveit böndum sem eflaust má rekja til dvalar fjölskyldunnar þar. Svo fluttum við í Mosfellsbæinn.

Faðir minn fór að skipta sér af bæjarpólitíkinni og starfaði þar sem bæjarstjóri um tíma. En bæjarstjórnun er sjaldnast ævistarf og við fluttum inn til Reykjavíkur þegar ég var á tíunda árinu þangað sem við búum enn neðst í Seljahverfinu. Æska mín var um margt lík æsku krakka úr hefðbundnum fjölskyldum nema að ég byrjaði snemma að syngja. Ég var aðeins fimm ára þegar ég fór í fyrsta kórinn og hef fengið sönginn síðan. Fyrst var ég í barnakór í Mosfellsbænum. Síðan tóku aðrir kórar við. Var um tíma í barnakór Seljakirkju og seinni árin hef ég sungið með Langholtskórnum hjá Jóni Stefánssyni sem ég lít á sem hálfgerðan sveitunga minn vegna bernsku minnar við Mývatn.

Lítið í útiærslum og drullumalli

Þegar við fluttum í Breiðholtið voru hverfin þar að mestu byggð

og talsvert gróin. Ég náði því ekki inn í þann ævintýraheim krakka sem var á meðan uppbyggingin stóð yfir og lífið snérist um sífellda útiveru; að vaða í drullupollum, klífra í nýbyggingum og taka þátt í álíka áhættusömum athöfnum sem aldrei yrðu leyfðar í dag. Við vorum meira inni hvort sem það er nú talið af því góða eða ekki. Ný viðfangsefni og áhugamál voru orðin að veruleika og ég settist snemma við tölvuna. Ég er frekar gömul sál og varð snemma dálítið gamallegur. Það á kannski sinn þátt í að ég var lítið í útiærslum og drullumalli. En ég var heldur enginn tölvunörd eða söngnörd. Ég var í Ölduselsskóla sem var í góðu göngufæri að heiman. Það var góður bragur í skólum og sumir kennararnir voru dálítið strangir. Svona aðeins gamladags. Ég man sérstaklega eftir Sigmari stærðfræðikennara. Þegar ég kom í fyrsta tímam til hans þá leist mér ekkert á. Fann strax að hjá þessum kennara kæmumst við ekki upp með neitt múður. En þegar frá leið og maður kynntist honum betur þá kunni maður vel við hann. En hann vildi hafa röð og reglu á hlutunum og maður lærði að meta þá eiginleika.

Fótbolti og söngur

Það vildi mér til nokkurs happs að ég fann mér snemma áhugamál sem ég sinnti fram eftir öllum aldri meðfram söng-



Skotlandsferð 3. flokks ÍR sumarið 2004. Ég í fremri röð fyrir miðju.



Ferming í Seljakirkju 30. mars 2003.

um. Ég fór snemma að taka þátt í fótboltaæfingum hjá ÍR. Eftir skóla var oft haldið niður í ÍR og stundum dvalið þar það sem eftir var dagsins. Ég man að á meðan ekki var komið gervigras á ÍR völlinn fórum við upp á Leiknisvöll í Fellahverfinu til þess að æfa. Það var ekkert verið að slá slöku við þótt æfingaaðstaðan væri ekki upp á það besta. Ég segi að fótboltinn hafi orðið mér til happs vegna þess að í honum eignaðist ég félagi og vini og fékk líka minn skerf af hreyfingu

og útveru sem krökkum er bæði nauðsynleg og holl.

Söngurinn varð ofan á

Eftir Ölduselsskólann fór ég í Kvinnaskólann í Reykjavík. Ástæða þess að hann varð fyrir valinu var einkum sú að mér fannst hlúð nokkuð að listnámi þar og ekki sakaði að Söngskólinn var í næsta nágrenni en þar er ég búinn að vera í áratug í söngnámi hjá Ólöfu Kolbrúnu Harðardóttur. Ég var í fullu söngnámi meðfram framhaldsskólanum og



Nýleg mynd – eins og ég er í dag.

því þægilegt að geta hlaupið á milli. Sem dæmi um þau þægindi get ég nefnt að ég var orðinn 19 ára þegar ég tók bílpróf. Faðir minn vann niður í miðbæ og ég varð oftast samferða honum á morgnana og hljóp svo á milli skólanna eftir því sem kennslustundirnar röðuðust upp. Stundum urðum við líka samferða til baka í Breiðholtið á kvöldin. Svo kom að því að ég komst ekki hjá því að taka bílpróf en við það óx kostnaðurinn fyrir heimilið nokkuð því að við þurftum þrjá bíla í stað tveggja. Ég hef aldrei verið mikill bílamaður þótt ég keyri mig sjálfur og í haust þegar ég fer til London til framhaldsnáms í söng eftir að hafa útskrifast úr söngskólanum þá finnst mér góð tilhugsun að þurfa ekki að vera háður bíl. Ég hlustaði á allskyns tónlist sem krakki en hélt mig þó alltaf aðallega við klassíkina. Söngnámið var kerfjandi og um 16 ára aldurinn varð ég að velja á milli söngsins og fótboltans. Ég hafði mjög gaman af honum og var lengi vel ekki alveg viss um hvort ég vildi verða fótbolta- maður eða söngvari. Fótboltinn gat alveg eins komið til greina en barna varð söngurinn ofan á og ég hætti að mestu í fótboltanum. Sterkustu minningar mínar um Breiðholtið eru hversu umhverfið er friðsælt og rólegt. Hversu gott er að koma þangað eftir erilsaman dag og slaka á. Þetta er aðeins eins og önnur veröld. Í mínu nánasta umhverfi í Seljunum er ákaflega friðsælt en hverfið er líka fjölbreytilegt eftir stöðum. Mér finnst gott að hafa átt þess kost að alast upp í Breiðholtinu.



Ég og José Carreras á Ítalíu 2009.



Ég og Dame Kiri Te Kanawa á Ítalíu 2009.



Ég í nemendasýningu í Íslensku Óperunni í febrúar 2010.

Betri þjónusta fyrir Breiðholtið

Fátt er verðmætara í þróun þjónustu við íbúa borgarinnar heldur en öflugt samráð við íbúana sjálfa. Öll erum við sérfræðingar í Reykjavík – einkum okkar eigin hverfi – og búum því yfir dýrmætri þekkingu um hvað betur megí fara í rekstri og þjónustu borgarinnar.

Reykjavíkurborg hefur eftt tengsl sín við íbúa borgarinnar með ýmsum hætti að undanfögnu. Eftt hefur verið til hugmyndapings, íbúafunda um aðalskipulag og rafrænnar íbúakosningar um smærri viðhaldsverkefni og nýframkvæmdir, svo dæmi séu nefnd. Íbúalýðræðisverkefnnin verða framkvæmd í sumar og haust í öllum hverfum borgarinnar.

Á slóðinni hverfidmitt.is er hægt að nálgast greinargóðar upplýsingar um sérstöðu hvers hverfis, nýlegar framkvæmdir, yfirstandandi framkvæmdir, niðurstöðu íbúakosningar, hugmyndir íbúa um aðalskipulag, starfsemi hverfislögreglu, stolt hverfanna og myndasöfn með ljósmyndum úr hverfinu. Ekki má heldur gleyma upplýsingum um almennt hverfastarf og hverfisráð viðkomandi hverfis.

Vefirnir geyma ítarlegar upplýsingar um þjónustu Reykjavíkurborgar og annarra aðila í viðkomandi hverfi. Jafnframt eru þeir öflug frétta-

veita fyrir fréttir af viðburðum og nýjungum í þjónustu innan viðkomandi hverfis. Síðast en ekki síst gefst íbúum kostur á að koma hugmyndum sínum og ábendingum um þjónustu Reykjavíkurborgar í hverfinu eða öðrum hverfum borgarinnar á framfæri í gegnum hverfavefina. Með viðkomu á þjónustumiðstöðvunum renna skilaboðin beint til viðeigandi starfsmanna innan Reykjavíkurborgar til frekari vinnslu og/ eða upplýsingamiðlunar.

Opnun nýrra hverfavefja á slóðinni hverfidmitt.is er enn eitt framfaraskrefið í upplýsingamiðlun og samráði við borgarbúa. Ég vil nota tækifærið og hvetja Breiðhyltinga til að nýta sér þessa nýjung, ekki aðeins til að leita upplýsinga um allt það sem í boði er í Breiðholti og öðrum hverfum borgarinnar, heldur ekki síður til að hafa enn frekari áhrif á ákvarðanir og aðgerðir er varða hverfin í borginni og þar með lífsgæði íbúanna.

Hanna Birna Kristjánsdóttir
borgarstjóri.



Hanna Birna Kristjánsdóttir.

Bjartari framtíð fyrir börnin okkar

Samfylkingin hefur farið nýjar leiðir við að hitta borgarbúa, móta kosningastefnuna og skerpa áherslurnar í aðdraganda borgarstjórnarkosninganna sem framundan eru. Síðustu vikur hafa verið haldnir á fimmta tug heimafunda í öllum hverfum borgarinnar. Þar hafa frambjóðendur hitt fólk á öllum aldri og rætt um áherslur í borginni og hvað er mikilvægast. Fyrir páska stóðum við svo vaktina fyrir utan matvöruverslanir og tókum borgarbúa tali. Það var innblástur og hvatning að finna áherslurnar og gildin sem fólk vildi leggja til grundvallar á næstu árum í Reykjavík.

Börnin í fyrsta sæti

Eitt var iðulega ofarlega eða efst á blaði: Börn og fjölskyldur eiga að vera í fyrsta sæti. Eftir stressið og lífsgæðakapplaupið þurfum við núna að endurskoða forgangsröðina. Mörg málin sem nefnd voru tengdust líka einu: Það er lykilverkefni á næstu árum að tryggja bjartari framtíð fyrir börnin okkar. Ekkert barn á að þurfa að hætta að stunda frístundir vegna kreppunnar. Það var rætt um að við eigum að gera íþróttirnar, tónlistarnám og frístundirnar ódýrari, kannski með einfaldari umgjörð eða ódýrari búningum, færri skópörum eða keppnisferðum. Mörgum ber saman um að allt samfélagið hafi verið komið framúr sér á ýmsum sviðum og nú geti skipt máli að endurskoða hlutina án þess að glata því sem skiptir mestu fyrir börnin okkar og tryggja að eftir kreppu verðum við ekki tvær þjóðir í einu landi. Málefni barna og fjölskyldna verða forgangsmál hjá Samfylkingunni.

Aðgerðir í atvinnumálum

Annað sem þarf að hafa algjöran forgang eru atvinnumálin. Þau eru undirstaðan. Atvinnumálin eru jafnframt samofin framtíðarhorfum fjölskyldna. Við verðum þess vegna að rjúfa doðann yfir ráðhúsinu og láta aðgerðir koma í stað aðgerðaleyfis í atvinnumálum. Samfylkingin hefur flutt ótal tillögur, ekki síst eftir hrun, um frumkvæði Reykjavíkur og nauðsyn á nýrri framtíðarsýn í atvinnumálum. Þau mál hafa því miður verið látin sitja á hakanum á meðan Sjálfstæðisflokkurinn situr og bíður eftir því að markaðurinn leysi málið. Samfylkingin vill áttak í viðhaldsverkefnum, samstarf um eflingu skapandi greina, kraft í markaðssetningu borgarinnar og þar með ferðapjónustu. Við viljum vinna með háskólunum að eflingu þekkingarklasa, og auk þess hefur Samfylkingin lagt áherslu á að

nýsköpunarsetur og ýmis önnur starfsemi byrji í húsnæði sem stendur autt. Tómt húsnæði er tómt bull. Og munum það að við eigum aldrei að setta okkur við atvinnuleysi á Íslandi.



Dagur B. Eggertsson.

Áhersla á öruggt leigu- húsnæði

Húsnæðismál fjölskyldna er annað gott dæmi þar sem þarf að taka rækilega til hendinni til þess að tryggja bjartari framtíð. Samfylkingin leggur ríka áherslu á að fólk, sér í lagi ungar fjölskyldur sem eru að stíga fyrstu skrefin á vinnu- markaði, hafi val um að kaupa sér eign eða leigja á traustum almennum leigumarkaði þar sem hægt er að búa við alvöru öryggi. Í raun er merkilegt að spyrja sig: af hverju er Ísland nánast eina landið sem er ekki með alvöru leigumarkað? Hefði Samfylkingin forystu í borgarstjórninni væri áhersla lögð á að fólk gæti valið að leigja sér íbúðir í barnvænu umhverfi þar sem stutt er í leikskóla, skóla, matvöruverslun, heilsugæslu og aðra nauðsynlega þjónustu. Ungu fólk þarf að tryggja örugga valkosti í húsnæðismálum í stað þess að geta bara valið milli þess að skuldsetja sig upp í topp. Eða ætlum við enn og aftur að láta næstu kynslóð velja á milli 90% lána eða myntkórfa? Samfylkingin segir nei. Við viljum örugga valkosti í húsnæðismálum.

Þér er boðið – allir með!

Þetta eru aðeins fáein dæmi af fjölmörgum sem komið hafa upp í samtölum við borgarbúa á undanföngu vikum. Þann 24. apríl heldur Samfylkingin svo Reykjavíkurborg þar sem kosningastefnu- skráin verður staðfest. Þar eru allir velkomnir en þingið fer fram í húsnæði Fjölbrotarskólans í Breiðholti. Ég vil jafnframt skora á alla að taka þátt í umræðunni í aðdraganda kosninga, hjá Samfylkingunni eða annars staðar. Þeir sem eru áhugasamir um að mæta á heima- fund hjá okkur eða vilja taka til hendinni með Samfylkingunni fyrir vorið hvet ég til að renna á okkur tölvupósti á kristinerna@xsreykja- vik.is eða dagur@reykjavik.is

Dagur B. Eggertsson.
Höfundur er oddviti Samfylkingarinnar í Reykjavík.

Opið föstud.-laugard. til kl. 21
mán.-fimmtud. til kl. 19
sunnud. til kl. 18

Kransar og blómaskreytingar
HAGSTÆTT VERÐ

Mikið úrval afskorinna blóma. Falleg íslensk gjafavara.



Frí heimsending eftir kl. 19 virka daga og allar helgar.

Blóm er List
Sími 564 1199
Núpalind 1 - 201 Kóp.



Margar tegundir af handgerðum kortum og kertaskreytingum.



hagsbóta, hefja vernd náttúru og umhverfis til vegs á Íslandi og treysta byggð um allt land. Hreyfingin er samstarfsvettvangur og baráttutækni

Komdu í heimsókn!

Komdu í heimsókn á kosningaskrifstofu Vinstri grænna í Reykjavík að Suðurgötu 10. **Það er opið kl. 13-18 alla daga.**

Við erum ávallt til viðræðu um málefni borgarinnar, framtíðarsýn okkar og hugmyndir – og að sjálfsögðu er alltaf heitt á könnunni.

Borgarfulltrúar verða með fasta viðtalstíma á kosningaskrifstofunni frá 5. maí.

- Sóley Tómasdóttir á fimmtudögum frá 16.00-18.00
- Þorleifur Gunnlaugsson á miðvikudögum frá 16.00-18.00

Verið öll velkomin!



náttúruvernd

traust

menntun

framsýni

virðing

velferð



VINSTRI GRÆN
–vegur til framtíðar

VARMÍ

réttingar og sprautun

Auðbrekku 14 - 200 Kópavogur

Sími: 564 2141

Netfang: varmi@varmiehf.is

Fallegustu svalagarðar borgarinnar

Án nokkurs vafa er einn fallegasti garður Reykjavíkurborgar í Vesturbergi 54. Samt er hann bara nokkrir fermetrar að stærð og staðsettur á svölum á 2. hæð í fjölbýlishúsi. En þar sem hugur og hönd fara saman er hægt að skapa mikið úr litlu. Ætla mátti að meðfylgjandi mynd væri tekin á miðju sumri en svo er ekki Hún er tekin á gönguferð um Breiðholtið, í lok október síðastliðinn. Frá þeim tíma er ég uppgötvaði þessa perlu í hverfinu mínu hef ég nokkrum sinnum kíkt á garðinn á leið minni í sund til þess eins að lyfta andanum.

Svona garðar eru algeng sjón á suðlægari breiddargráðum en hér norður undir heimskautsbaug og í þessari hæð yfir sjó vekur garður sem þessi, auðskiljanlega, mikla undrun og aðdáun. Mér finnst þetta framtak vera til mikillar fyrirmyndar. Garðurinn hefur orðið til þess, að í vetur hef ég hugsað mikið um það hvort Breiðholtið gæti skapað sér sérstöðu sem hverfisbúar, borgarbúar og gestir borgarinnar gætu notið og myndi draga fólk að í heimsókn. Kannski eru svalagarðar lausnir?

Breiðhýltingar eru almennt mjög ánægðir með hverfið sitt enda er það umlukið einstaklega fallettri náttúru og hefur yfir að ráða meiri



Nokkurra fermetrar svalagarður staðsettur á svölum á 2. hæð í fjölbýlishúsi við Vesturbergi 54.

fjölbreytileika meðal íbúa en fyrirfinnst annarsstaðar í borginni. Náttúrufegurð og fjölbreytt mannlíf er það sem fólk almennt sækist eftir en á sama tíma hefur hverfið verið afskipt og það líður fyrir ímynd sína og félagslega stöðu margra íbúa.

Ímynd hverfisins myndi breytast ef Breiðholtið væri þekkt af einhverju jákvæðu, alveg eins og Árbæjarhverfi er þekkt fyrir að eiga fjölskylduvænstu sundlaugina og þangað kemur fólk af öllu höfuðborgarsvæðinu í sund. Breiðholtið þarf að vera þekkt af einhverju sem auðgar mannlíf hverfisins um leið. Í Gerðuberg koma að vísu margir en það hefur ekki teljandi áhrif á mannlíf, ekki nóg.

Í Breiðholti eru frábærir hjóla-

göngu- og hlaupastígur, þá þarf að kynna borgarþúfum betur. En í framtíðinni gæti Breiðholtið ekki bara verið frægt fyrir bestu hjóla-, göngu- og hlaupastígana, heldur líka fyrir það að eiga fallegustu svalagarða borgarinnar. Já það væri ekki leiðinlegt ef frumkvæði þeirra í Vesturbergi 54 myndi smitast yfir til nágrennanna og síðan í næstu götu og koll af kolli þar til fjöldi fólks myndi leggja leið sína í Breiðholtið á sunnudögum og jafnvel ferðamenn líka til að líta á svalagarðana sem hverfið væri orðið frægt fyrir.

Björk Vilhelmsdóttir, borgarfulltrúi.



Hvað sem verður hvet ég ykkur til að leggja lykkju á leið ykkar og líta á svalagarðinn í Vesturberginu. Ég er í öllu falli þakklát þessu góða fólki í Vesturbergi 54 sem lifgar með jákvæðum hætti upp á umhverfið.

Björk Vilhelmsdóttir er borgarfulltrúi.

Reykjavíkurborg taki frumkvæði í skuldamálum heimila

Eitt af því veigamesta sem við framsóknarmenn munum halda á lofti í kosningabaráttunni framundan er meiri samvinna og þverpólísk nálgun á sem flest mál í borgarstjórn Reykjavíkur. Við getum unnið enn betur saman, þó að margt hafi áunnist í þeim efnum á seinni tíma kjörtímabilsins. Við eigum jafnframt að nálgast verkefnið á nýjan hátt.

Ég vil nefna eitt. Í Reykjavík er mikill fjöldi fjölskyldna í miklum vandræðum vegna skulda sem engin leið er að ráða við. Hátt hlutfall atvinnulausra og aukin hætta á gjaldþrotum og húsnæðismissi bætir sífellt í vandann. Þegar þúsundir fjölskyldna eru komnar í þessa stöðu er það ekki lengur einkamál hverrar fjölskyldu fyrir sig heldur er það risavaxið samfélagsvandamál.

Fyrir eða síðar munu málefni fjölskyldna í þessum aðstæðum lenda á könnu sveitarfélagsins og þess vegna er mikilvægt að Reykjavíkurborg taki frumkvæði sem fyrst í skuldamálum heimila. Mér er ljóst

að flestir telja með réttu að þetta sé mál ríkisstjórnarinnar en ég vil velta því upp að allir borgarfulltrúar í Reykjavík standi saman að því að kortleggja vandanann í borginni nákvæmlega og skilgreini hann. Borgin myndi síðan nálgast ríkisstjórnina sem aðili máls og leita samstarfs til lausnar á vandanum, en beita jafnframt því aðhaldi sem nauðsynlegt er til að knýja á um aðgerðir. Við getum kortlagt vandann og greint hann og unnið að lausn. Ekkert af því verður auðvelt, né auðleyst, en þetta væri góð byrjun.



Einar Skúlason.

Einar Skúlason er oddviti framsóknarmanna í borgarstjórnarkosningunum í vor

Foreldrar verum samtaka



Útivistarreglurnar

1. maí til 1. september

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 22

13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 24

1. september til 1. maí

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 20

13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 22

Útivistarreglurnar eru samkvæmt barnaverndarlögum. Börn mega ekki vera á almannafæri utan ofangreinds tíma nema í fylgd með fullorðnum. Bregða má út af reglunum þegar börn 13-16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár.



Samstarfshópur um forvarnir

SAMAN



Ríkislögreglustjórnin

ALLTAF FULLT BORD AF FERSKUM FISKI OG FISKRÉTTUM

Opið alla virka daga kl. 9 – 18:30.



Rúnar Geirmundsson



Sigurður Rúnarsson



Elís Rúnarsson

Þegar andlát ber að

Síðastliðin 20 ár höfum við feðgar aðstoðað við undirbúning útfara.

Alhliða útfararþjónusta

Símar: 567 9110 & 893 8638

www.utfarir.is • utfarir@utfarir.is



Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990

Gott gengi á ÍM 50 og nóg að gera í sumar



Þá er lokið Íslandsmeistarastöðvum í 50 metra laug en það var haldið 18. til 21. mars.

Ægiringar voru þar mættir til leiks með 34 sundmenn. Það er skemmst frá því að segja að þeim gekk mjög vel og fóru heim með 15 Íslandsmeistararitla af 38 sem í boði voru. Þess utan fór Jakob Jóhann heim með þremur af fjórum bikurum sem veittir eru á mótinu. En það voru Pétursbikarinn sem veittur er fyrir besta sundafrek frá síðasta ÍM50 samkvæmt stígatöflu FINA. Sigurðarbikarinn fyrir besta bringusunds afrek á ÍM50 og Ásgeirsbikarinn fyrir besta afrek á ÍM50.

Helgina 10. til 11. apríl var svo haldið Ármannsmót í Laugardalnum og þar kepptu yngri hópar félagsins. Þar gekk rosalega vel og bættist við AMÍ lágmarkin hjá krökkunum. En það eru lágmark sem þarf að ná til að fá að keppa á aldursflokka meistarastöðvum Íslands sem haldið verður í Hafnarfirði í sumar. Hjá eldri krökkunum er næsta verkefni Bikarmeistarastöðvum Íslands en það verður haldið í lok maí í Sundmiðstöðinni í Reykjanesbæ. Hafinn er síðan undirbúningur að öflugum sumarstarfi félagsins. En að þessu



Jakob Jóhann Sveinsson.

sinni verðum við með sundnámskeið fyrir nokkra leikskóla í byrjun sumars. Einnig verðum við í samvinnu við ÍR með einhver sundnámskeið í tengslum við leikjanámskeiðin þeirra og síðan hin hefðbundnu sumar sundnámskeið fyrir krakka frá fjögurra ára aldri. Sundnámskeið sumarsins verða bæði í Ölduselslaug og Breiðholtslaug og er hægt að nálgast allar nánari upplýsingar hjá félaginu.

R.G.



Stigin talin.

Myndir: Benedikt Ægisson.

borgarblod.is



Arnór L. Pálsson
frankvæmdastjóri



Ísleifur Jónsson
útfararstjóri



Frímarr Andrésen
útfararþjónusta



Svafar Magnússon
útfararþjónusta

REYNSLA • UMHYGGJA • TRAUST



Hugrún Jónsdóttir
útfararþjónusta



Guðmundur Baldvinsson
útfararþjónusta



Þorsteinn Elísson
útfararþjónusta



Ellert Ingason
útfararþjónusta

Þegar andlát ber að höndum

Önnumst alla þætti útfararinnar

**ÚTFARARSTOFA
KIRKJUGARÐANNA**

Vesturhlíð 2 • Fossvogi • Sími 551 1266 • www.utfor.is

Getraunarnr. 111

www.leiknir.com

Leiknir var stofnað 1973



Austurbergi 1, Efra Breiðholti

Leikniskrakkar á faraldsfæti í sumar

Krakkarnir í Leiknir ætla að skella sér til Svíþjóðar í sumar. Farið verður á eitt stærsta unglíngamót sem haldið er í heiminum, Gothia Cup í Gautaborg.

Ætlað er að keppendur frá Leikni verði á bilinu 60 til 70 talsins á aldrinum 13 til 19 ára. Leiknir sendir til leiks bæði stúlkna og stráka lið til mótsins. Þetta verður í 6 skipti sem Leiknir sendir lið til leiks á mótið. Viljum við því biðla til Breiðholtsbúa að taka vel á móti krökkunum í Leikni þegar þau selja fjáröflunaryörur til styrktar þessari ferð.



Leiknismenn í Svíþjóð. Myndin var tekin fyrir tveimur árum.

Knattspyrnuskóli Leiknis

Líkt og undanfarin ár verður hinn feyki vinsæli knattspyrnuskóli Leiknis starfræktur á Leiknissvæðinu í sumar.

Aðsókn ár hvert hefur far-

ið vaxandi og í fyrra var algert metár í knattspyrnuskólanum. Börnin í hverfinu mættu fersk og kát í leiki og skemmtilegar uppákomur sem mældust vel

fyrir. Námskeiðin hefjast mánudaginn 7. júní og standa allt sumarið. Frekar má lesa um þetta á leiknir.com

Breiðholtshlaup Leiknis árlegur viðburður

Ein af þeim uppákomum sem lífga uppá Breiðholtið er Breiðholtshlaup Leiknis sem haldið hefur verið ár hvert undanfarin 16 ár.

Breiðholtshlaupið er orðinn fastur hlutur í tilveru Breiðholtsbúa og ár hvert flykkist fólk að til

að hlaupa í hinum ægifagra Elliðaárdal. Nú er svo komið að breyting hefur orðið á aðstöðu Leiknismanna og hlaupið var í fyrra í fyrsta skipti ræst út frá Leiknisvelli. Þá fara allar uppákomur í kringum hlaupið og skráning nú orðið fram í Leiknishúsinu. Breið-

holtshlaupið hefur nær alltaf verið hlaupið á uppstigningardag líkt og gert er í ár og hefur veðrið oftast leikið við hlauparana. Hvetjum við Breiðhyllinga alla til að kíkja við á Leiknisvelli og taka þátt í uppbyggilegu starfi í hverfinu okkar.

Körfuboltastrákarnir fóru á kostum í vetur

Vaskir sveinar hafa undanfarin fjögur ár leikið körfuknattleik undir merkjum Leiknis.

Mest megnis eru þetta drengir sem léku að hluta til í yngri flokkum Leiknis og eða koma úr Breiðholtinu fagra. Strákarnir

léku í 2. deild í vetur og er óhætt að segja að þeir hafi orðið sjálfum sér og félaginu til sóma. Leiknismenn gerðu sér lítið fyrir og lentu í 2. sæti 2. deildar eftir æsilega úrslitakeppni. Þar með tryggði liðið sér sæti í 1. deild

að ári og leik gegn gömlum gamalgrónum körfuboltaveldum líkt og Val, Skallagrím og Þór Akureyri. Sannarlega frábær árangur hjá strákunum.



ER LÍFIÐ ERFITT?

HJÁLPARSÍMI RAUÐA KROSSINS

ER OPINN 1717

Rauði kross Íslands Síminn

HUMMEL KYNNING

Fimmtudaginn 29. apríl

kl. 15:00 – 19:00

ÍR heimilinu Skógarseli 12



Hægt verður að kaupa fót á frábæru tilbodsverði en borga verður um leið og varan er þöntuð. Við hvetjum foreldra og foreldraráð til þess að nýta þetta tækifæri og gera góð kaup á góðum fatnaði fyrir sumarið.



Nýj ÍR-fararúður frá HUMMEL



hummel

Leiksport
Hólagarði

Frá Keiludeild ÍR

Á dögnum lauk deildarkeppninni í 1. deild karla í keilu og urðu ÍR-KLS deildarmeistarar en þeir voru vel að þessum sigri komnir því þeir eru búnir að vera með besta liðið í vetur.

Í öðru sæti enduðu ÍR-PLS. Á mánudagskvöld byrjar úrslitakeppnin og verður um spennandi keppni að ræða en þar leika annarsvegar ÍR-KLS – KFA-ÍA og hinsvegar ÍR-PLS – KFR-Læringar, vinna þarf 20,5 stig út úr þessum viðureignum til að komast í sjálfan úrslitaleikinn.

Í 1. Deild kvenna er ÍR-TT komið í Úrslitakeppnina.

Laugardaginn 17. apríl var leikið til úrslita í Deildarbikar og er skemmt frá því að segja að ÍR hirti öll verðlaunin, ÍR-KLS varð Deildarbikarmeistari, ÍR-L í öðru sæti og ÍR-TT í þriðja sæti en liðið var eina kvennaliðið sem tók þátt í keppninni. AMF mótariðin kláraðist á dögnum og sigruðu Kristján Þórðarson og Guðný Gunnarsdóttir bæði úr ÍR og fara þau á Heimsbikarmót einstaklinga í Króatíu í október. ÍR-ingurinn Guðmundur Óli Magnússon var valinn í Unglingalandsliðið U-21 árs sem spilar á Heimsmeistaramóti landsliða í Helsinki í júlí, það fara 3 unglingar á mótið frá Íslandi.



Deildarmeistarar ÍR-KLS.



Deildarbikar 2010.

Víðavangshlaup ÍR í 95. skipti

Hið árlega Víðavangshlaup ÍR var haldið á Sumardaginn fyrsta í 95. sinn. Enn eitt metið var sett í þáttöku en alls klárðu 459 hlauparar þessa 5 km sem hlaupnir eru frá Ráðhúsi Reykjavíkur, upp Skothúsveg, kringum bæði litlu og stóru tjörnina, framhá Ráðhúsinu og upp Suðurgötuna, aftur kringum litlu tjörnina og til baka sem leið liggur að Ráðhúsinu og markinu.

Sigurvegari var Björn Margeirsson FH á 15.31 mín, Þorbergur Ingi Jónsson ÍR kom mjög skammt

á eftir honum í 2. sæti á 15:34 mín og Sigurbjörn Árni Arngrímsson HSP 3. á 15:41 mín. Þorbergur varð einnig annar árið 2009 og hljóp þá á 1 sek betri tíma eða 15:33 mín. ÍR-ingarnir Snorri Sigurðsson, Ólafur Konráð Albersson og Birkir Marteinson urðu í 4., 7. og 9. sæti, þar sem Snorri færði sig nú upp um 1 sæti síðan í fyrra og bætti sig um 6 sek.

Í kvennaflokki sigraði Íris Anna Skúladóttir Fjölni á 18:03 mín, Friða Rún Þórðardóttir ÍR varð 2. á 18:29 mín og Arndís Ýr Halþórs-

dóttir Fjölni varð 3. á 18:36 mín. Aníta Hinriksdóttir ÍR varð 4. á 18:48 mín sem er 10 sek betri tími en 2009. Aníta sigraði í flokki 13-15 ára, Friða Rún í flokki 40 til 49 ára, þar sem Hrönn Guðmundsdóttir varð 2. á 20:03 mín og Sigurbjörg Eðvarðsdóttir sigraði í flokki 50 til 59 ára á 20:22 mín. Gaman er að segja frá því að Sigurjón Andrésson sem fæddur er 1941 var að hlaupa í 35. sinn í röð í þessu hlaupi og var honum klappað lof í lófa enda ekki á hverjum degi sem slíkt á sér stað.

Afrekskvennasjóður ÍSÍ og Íslandsbanka styrkir frjálsíþróttakonur úr ÍR

Fjórar helstu afrekskonur Frjálsíþróttadeildar ÍR hlutu rausnarlegan styrk úr Afrekskvennasjóði ÍSÍ og Íslandsbanka.

Sótt var um fyrir afrekskonurnar Huldu Þosteinsdóttur stangarstökkvara, Jóhönnu Ingadóttur

ur lang- og þristökkvara, Kristínu Birnu Ólafsdóttur grindahlaupara og sjöbrautarkonu og Söndru Pétursdóttur sleggjukastara. Þær eru allar að undirbúa sig af kappi fyrir stóru mót sumarsins og sem er aðeins eitt skref í átt að Ólympíuleikunum 2012.

Deildin óskar þeim stöllum og þjálfurum þeirra innilega til hamingju með styrkinn en ekki síst þá viðurkenningu sem í honum felst. Deildin færir ÍSÍ og Íslandsbanka sínar bestu þakki fyrir að standa svo vel að baki afrekskonum í íþróttum.

Chelsey Sveinsson, sigursæl

Chelsey Sveinsson átti frábæra helgi á Texas Relays um páska-helgina, líkt og fyrir ári síðan.

Hún var valin kona mótsins, annað árið í röð, fyrir yfirburðar

sigra sína bæði í 2 mílna hlaupi (3200m) og 1600 m hlaupi.

Chelsey hljóp 2 mílnar á fyrri degi mótsins á 10:07,15 mín við fullkomnar aðstæður, þetta var

bæting á eigin mótsmeti sem var 10.12.11 mín. síðan í fyrra en það er hennar besti tími.

Uppskeruhátíð Handknattleiksdeildar ÍR

Handknattleiksdeild ÍR ætlar að halda uppskeruhátíð fyrir alla iðkendur deildarinnar í íþróttahúsinu Austurbergi Laugardaginn 15. maí n.k. kl. 14.00.

Veitt verða verðlaun fyrir hin

ýmsu afrek á liðnum vetri og hvetjum við því alla að mæta og eiga með okkur glaðan dag. Boðið verður uppá léttar veitingar. Um kvöldið verður svo samkoma fyrir eldri kynslóðina í ÍR-heimilinu og opnar húsið kl.

19.30. Þar verður einnig boðið uppá léttar veitingar og hvetjum við alla velunnara ÍR til að láta sjá sig. Foreldrar, við hvetjum ykkur sérstaklega til að ljúka þessum vetri með okkur með glæsibrag á skemmtilegu kvöldi.

Heimasíða ÍR er www.irsida.is



Fréttir

Íþróttafélag Reykjavíkur
Skógarseli 12 • Sími 587 7080
Myndsími: 587 7081
Tölvupóstur: hordur@irsida.is
Heimasíða: irsida.is

Hársbreidd frá Íslandsmeistaratitli



Á dögnum spilaði 4. flokkur kvenna A - lið til úrslita um Íslandsmeistaratitlinn.

Eftir að þær höfðu unnið Fram í undanúrslitum töpuðu þær fyrir Gróttu í úrslitaleiknum. Samt sem áður er þetta frábær árangur og

sýnir að handboltinn er á uppleið í kvennaboltanum hér hjá ÍR. Við óskum stelpunum og Sævari þjálfara innilega til hamingju með þennan árangur og hlökkum til að sjá ykkur á vellinum næsta vetur.

Aðalfundur ÍR

Aðalfundur ÍR verður haldinn föstudaginn 30. apríl n.k. kl. 18.00 í ÍR-heimilinu 2. hæð.

Dagskráin er eftirfarandi:

1. Kosning þriggja manna kjörbrefanefndar.
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
3. Skýrsla stjórnar um starfsemi ársins.
4. Lesnir og skýrðir endurskoðaðir reikningar.
5. Lagabreytingar.
6. Ákveðin árgjöld.

7. Lögð fram starfs- og fjárhagsáætlun næsta starfsárs.

8. Kosning formaðurs.

9. Kosnir aðrir stjórnarmenn og varastjórnarmenn.

10. Kosnir tveir skoðunarmenn.

11. Önnur mál.

Allir lögmetir félagsmenn hafa rétt til fundarsetu, málfrelsi og tillögurétt á aðalfundi félagsins.

Vonumst til þess að sjá sem flesta

F.h. aðalstjórnar ÍR

Hörður Heiðar Guðbjörnsson
Frankvæmdastjóri

Stuðningsmannakvöld ÍR

Meistaraflokkur karla í knattspyrnu heldur hið árlega stuðningsmannakvöld í ÍR-heimilinu laugardagskvöldið 1. maí kl. 20.00.

Guðlaugur Baldursson þjálfari verður ræðumaður kvöldsins. Efnt verður til spurningakeppni

þar sem vegleg verðlaun verða í boði. Uppboð á ýmsum ÍR tengdum varningi fer fram og fleiri óvænt skemmtatriði á dagskrá. Léttar veitingar á vægu verði og aðgangseyrir aðeins 500 krónur. 20 ára aldurstakmark er að stuðningsmannakvöldinu.

Uppskeruhátíð Körfuknattleiksdeildar 1. maí

Körfuknattleiksdeild ÍR heldur uppskeruhátíð sína í ÍR heimilinu þann 1. maí næstkomandi kl. 11:00. Hátíðin er fyrir alla flokka þ.m.t. meistaraflokk karla.

Veittar verða viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur á

ýmsum sviðum. Iðkendur, forráðamenn, aðstandendur og aðrir velunnarar eru hvattir til að mæta. Sýnum samstöðu og mætum á þessa hátíð okkar þar sem við gerum upp góðan vetur.



GETRAUNANÚMER ÍR ER 109



TILBOÐ GILDIR ÚT LAUGARDAGINN 1. MAÍ

LAMBALÆRI

Ferskur og beinl. **SVÍNAHNAKKI**

Ferskur og beinl. **SVÍNAHNAKKI** – hvítlauksrósmarin

Ferskur og beinl. **SVÍNAHNAKKI** – rauðvínsþipar

HAMBORGARAR 115 gr – 100 % Nautakjöt

HAMBORGARAR 140 gr – 100 % Nautakjöt

Fersk **LAXAFLÖK**

Fersk **LAXAFLÖK** – kóriander lime

Fersk **LAXAFLÖK** – orange

Fersk **LAXAFLÖK** – bláberja

BÖKUNARKARTÖFLUR

GEVALIA kaffi -2 pakkar + **LU** Súkkulaðikex

GRÍSK JÓGÚRT

MATREIÐSLURJÓMI

OSTAKAKA m/karamellu

998 kr kg

995 kr kg

995 kr kg

995 kr kg

135 kr stk

175 kr stk

1595 kr kg

1595 kr kg

1595 kr kg

1595 kr kg

145 kr kg

995 kr

199 kr

235 kr

895 kr



TIL SJÁVAR OG SVEITA

Ögurhvarfi 2 | 203 Kópavogi | Sími 566 5052 | sjavarsveita@simnet.is

Opnunartímar. Mánudaga – Föstudaga: 11:00 – 19:00. Laugardaga: 11:00 – 18:00.